

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 76/1958, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 13. apríl 1972 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 76 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

50. gr. II, síðasta málsgrein ákvæða þeirra, er fjalla um fyrri hluta próf í viðskiptafræðum, orðist svo:

Stúdent er heimilt að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum. Þó skulu próf í bókfærslu, reikningshaldi I, reikningshaldi II og reikningshaldi III tekin í framangreindri röð. Hið sama gildir um röð prófa í stærðfræði I og stærðfræði II. Stúdent skal heimilt að fara í áður talin próf á sama próftímabili, eftir því sem við á, en próf aftar í röðinni skoðast sem ógilt, ef ekki er staðizt próf, sem er framar í röðinni.

Síðasta málsgrein ákvæða þeirra í 50. gr. II, er fjalla um síðari hluta próf í viðskiptafræðum, orðist svo:

Stúdent skal hafa lokið fyrri hluta prófi, áður en hann segir sig til prófs í síðari hluta greinum. Heimilt er að þreyta próf á öllum venjulegum próftímum.

50. gr. V., er ber fyrirsögnina **Kennsluár og árlegur próftími**, orðist svo:

Próf skal halda 7.—20. janúar, í maí—júní og 1.—15. september.

Síðari málsgr. tölulíðarins falli brott.

2. gr.

51. gr., 4. tölulíður, 1. málsgr., orðist svo:

Almenn bókmenntasaga, almenn málsvísindi, bókasafnsfræði, danska, enska, finnska, franska, gríska, heimspeki, islenzka, latína, norska, sagnfræði, sálarfræði, spænska, sænska, þýzka. Kennslan skal einkum stefna að því að undirbúa nemendur undir próf samkv. 53. og 54. gr. Kennslu til B.A.-prófs skal hagað þannig, að farið sé yfir námsefni hvers stigs á tveimur kennslumisserum.

3. gr.

52. gr. III., 1. málsgr., orðist svo:

III. **Próf í latínu.** Skyldir að taka próf þetta eru allir þeir stúdentar í heimspeki-deild, sem ekki hafa lokið þriggja ára námi í latínu í menntaskóla með minnst fjögurra vikustunda námi hvern vetur eða sama heildarstundafjölda á skemmri tíma. Undanþegnir prófinu eru þó þeir stúdentar, sem lesa til þriggja prófstiga í sál-arfræði eða bókasafnsfræði ásamt þremur stigum í prófgreinum annarra háskóla-deilda. Stúdent er skylt að hafa lokið þessu prófi, áður en hann lýkur þriðja stigs prófi í grein samkv. 53. gr. I. Prófið er aðeins skriflegt.

4. gr.

Við 53. gr. I., 4. málsg., bætist:

Heimilt er, að verklegar æfingar komi í stað prófs, og skal þá meðaleinkunn þeirra einkunna, sem gefnar eru fyrir einstakar æfingar, vera stigeinkunn.

5. gr.

Á eftir 5. málsg. 53. gr. I. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er að skipta prófi á hverju stigi í grein í prófþætti. Skal þá gefa einkunn fyrir hvern prófþátt um sig, en stigeinkunn skal vera vegið meðaltal prófþáttaeinkunna samkvæmt reglum, sem deildin setur um vægi prófþátta á hverju prófstigi. Skal stúdent hljóta hina tilskildu lágmarkseinkunn 7 í hverjum þætti. Nú nær stúdent ekki tilskilinni lágmarkseinkunn í prófþætti, og er honum þá heimilt að endurtaka próf í þeim prófþætti einum. Stúdent er óheimilt að ganga undir próf á tilteknu stigi fyrr en hann hefur lokið öllum prófþáttum næsta stigs á undan. Heimilt er, að heimaritgerð komi í stað prófþáttar eða hluta af prófþætti samkvæmt 5. mgr.

6. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi. Að því er tekur til stúdentna, er nú stunda nám í viðskiptadeild, taka breytingarnar á prófákvæðum gildi eftir því sem við á að mati deildarinnar.

Í menntamálaráðuneytinu, 18. apríl 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.